

[www.pwc.com/is](http://www.pwc.com/is)

# *Kjör viðskipta- og hagfræðinga 2015*



**pwc**

157

lönd

PwC lætur að sér kveða hvarvetna um heiminn

758

skrifstofur

Heildarfjöldi manns sem starfaði innan vébanda okkar árið 2014 var:

195.433



## Fólkið okkar



44.721

gekk til liðs við okkur á heimsvísu árið 2014



20.030

Nýútskrifaðir



20.507

Reyndir sérfræðingar



4.184

Aðstoðarmenn



## Viðskiptavinir okkar

Við störfum fyrir stærstu fyrirtækin í heiminum

417

Fortune Global 500 fyrirtæki

462

Financial Times Global 500 fyrirtæki

Skýrsla þessi felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ákvarðanir sem byggðar eru á niðurstöðum skýrslunnar eru á ábyrgð þess sem þær tekur. Sé talin ástæða til að grípa til aðgerða á grundvelli einstakra niðurstaðna sem birtast í skýrslu þessari, er PricewaterhouseCoopers ehf. reiðubúið að ræða slík áform við fulltrúa verkkaupa, þannig að tryggt sé að réttur skilningur sé lagður í niðurstöðurnar. PricewaterhouseCoopers ehf., hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2015 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PwC“ og „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki sem mynda samstarf í PricewaterhouseCoopers International Limited (PwC Global) og eru öll lagalega sjálfstæðar einingar.




## Kjarakönnun FVH

Kjarakönnun FVH á sér langa sögu, en hún var fyrst gerð árið 1997. Var hún framkvæmd annað hvert ár fram til ársins 2007, en síðan á hverju ári fram til ársins 2011.

Við hjá PwC sjáum nú um framkvæmd könnunarinnar í annað sinn og hófst samstarf FVH og PwC árið 2013.

Það er okkur sönn ánægja að leggja FVH lið í þessu mikilvæga verkefni.



## Innihald skýrslu

1 | Framkvæmd 4

2 | Tekjur og hlunnindi 6

3 | Menntun 14

4 | Vinnumarkaður og stéttarfélag 16

### Viðaukar

A | Svör við opnum spurningum 18

B | Spurningalisti 28

## Kaflí 1

# Framkvæmd

Dagana 28.maí - 13. september 2015 var spurningakönnun um kjaramál lögð fyrir úrtak meðal félagsmanna í Félagi viðskipta- og hagfræðinga (FVH). Úrtak könnunarinnar var fengið frá stjórn FVH og samanstóð af netfangalista sem félagið hefur safnað saman á síðastliðnum árum. Alls voru 2.753 netföng á listanum. Ef netfang félagsmanns var til, þá var hann sjálfvalinn í úrtakið. Hér er því ekki um slembiúrtak að ræða, heldur hentugleikaúrtak.

Spurningakönnunin var framkvæmd á netinu. Einstaklingar á netfangalista FVH fengu sendan tölvupóst, þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni og var tengill inn á sjálfa könnunina í tölvupóstskeytinu. Einnig áttu þátttakendur kost á því að skrá sig í verðlaunapott að könnun lokinni. Nokkrir heppnir þátttakendur voru síðan dregnir út sem vinningshafar. Tekið var fram að svör einstaklinga væru hvorki tengd við þá sjálfa né vinnuveitendur þeirra. Auk þess var tekið fram að skráning þátttakenda í verðlaunapott yrði ekki tengd við svör þeirra í könnuninni. Útsending netfanga og gagnaöflun var í höndum PwC. Útsendingin var gerð með kannanakerfi PwC, sem heldur utan um svörun og tryggir að enginn geti komist inn í könnunina án þess að vera á úrtakslista könnunarinnar. Á síðari stigum gagnaöflunar var ákveðið að setja á laggirnar aðra könnun til að afla fleiri svara. Sú könnun var öllum opin og voru félagsmenn FVH sem ekki höfðu tekið þátt í fyrri könnuninni hvattir til að svara þeirri síðari. Fjallað er nánar um ástæður og afleiðingar þessa hér á eftir.

## Þýði og úrtak

Ákveðið var að þýði könnunarinnar væru félagsmenn FVH. PwC fékk aðgang að félagskrá FVH sem taldi 8.373 félagsmenn. Framkvæmdastjórn FVH vann netfangalista úr skrá félagsins. Í úrtakinu voru notaðar upplýsingar um þá félagsmenn FVH sem nýlegar/góðar netfangaupplýsingar lágu fyrir um. Það reyndust vera 2.753 einstaklingar, eða um þriðjungur þýðisins.

Í lok ágúst voru 546 sem höfðu svarað könnuninni, eða tæp 20%. Sú tala var nokkuð undir væntingum. Til að fjölga svörum var tekin sú ákvörðun um að setja sams konar könnun í loftið, en sú könnun var öllum opin. Könnunin var auglýst á samfélagsmiðlum á þar til gerðu svæði fyrir félagsmenn FVH og á vefsíðu FVH. Þeir félagsmenn sem ekki höfðu þegar svarað fyrri könnuninni voru hvattir til að svara þeirri seinni.

## Svarhlutfall og mat á áreiðanleika

Alls voru 728 sem opnuðu netfangakönnunina og hófu að svara henni. Töluvert var um að þátttakendur hættu í miðjum klíðum, en einungis 591 lauk við að svara henni. Þá voru 313 sem svöruðu opnu vefkönnuninni. Gild svör í báðum könnunum voru því samtals 904. Það var sérstaklega athugað með tilliti til eðli svara hvort einhver einstaklingur hafi svarað báðum könnunum. Ekki fundust dæmi um það.

Ef svarhlutfallið er miðað við úrtak netfangakönnunar og svörin eru miðuð við báðar kannanir, þá er svarhlutfallið 32,9%. Svarhlutfall í netfangakönnun einni er 21,5%.

Það er ákveðin óvissa í mati á áreiðanleika könnunarinnar. Það er ekki víst hversu vel úrtakið nær að endurspegla þýðið, þ.e. hvort hópurinn sem er með skráð netfang hjá FVH sé í eðli sínu ólíkur þeim sem ekki eru með skráð netfang hjá FVH. Ætla má að hópurinn á netfangalistanum samanstandi í meiri mæli af einstaklingum sem hafa verið virkir í störfum fyrir FVH í gegnum árin. Tekjur þeirra sem tóku þátt í opnu vefkönnuninni voru að jafnaði lægri en hjá þeim sem tók þátt í netfangakönnuninni. Munurinn var nærri 11% á miðgildum heildarlauna.

Framkvæmd könnunarinnar í ár byggir að mestu á sömu aðferðafræði og fyrri kjarakannanir FVH og ætti samburður á milli mælinga því að standast bærilega.

## Vigtun og síun gagna

Gögn í kjarakönnun FVH voru vigtuð svo að niðurstöður hennar gætu endurspeglad þýðið á sem bestan hátt. Fyrir vigtun gáfum við okkur nokkrar forsendur fyrir þýðishópin.

- Þar sem könnunin fjallar um tekjur viðskipta- og hagfræðinga hérlendis voru þeir félagsmenn sem búsettir eru erlendis felldir brott.
- Þar sem könnunin fjallar um tekjur þeirra sem eru hluti af vinnuafla voru þeir félagsmenn felldir brott sem eru með hærri aldur en meðalaldur við starfslok, svk. upplýsingum frá Tryggingastofnun Ríkisins.

Tafla 1. Þýði kjarakönnunar eftir aldri og kyni eftir síun

Aldur	Karlar	Konur	Alls	Hlutfall
20-29 ára	142	145	287	3,8%
30-39 ára	1.101	1.290	2.391	31,9%
40-49 ára	1.329	1.236	2.565	34,2%
50-64 ára	1.214	787	2.001	26,7%
65 ára og eldri	220	36	256	3,4%
<b>Alls</b>	<b>4.006</b>	<b>3.494</b>	<b>7.500</b>	

Í úrvinnslu felldum við brott svör þeirra sem starfa erlendis. Vigtun gagna tók mið af kyni og aldri einstaklinga. Í töflu 1 má sjá upplýsingar um fjölda í þýði eftir síun og tafla 2 er með upplýsingar um fjölda í úrtaki.

Ekki reyndust vera mikil frávik í aldursdreifingu svarenda m.v. aldursdreifingu þýðisins. Helst vantaði upp á svör frá aldurshópnum 30-39 ára (-3,9%) en á móti voru fleiri svör frá 50-64 ára (+4,3%). Aðrir aldurshópar voru nánast á pari í svörum og stærð.

Þegar breytingar voru gerðar á síun í einstaka köflum, undirköflum eða spurningum, þá er það tekið fram sérstaklega í skýrslunni.

Tafla 2. Fjöldi svara í kjarakönnun eftir aldri og kyni

Aldur	Karlar	Konur	Óþekkt	Alls	Hlutfall
20-29 ára	25	9	0	34	3,8%
30-39 ára	123	129	1	253	28,0%
40-49 ára	146	154	2	302	33,4%
50-64 ára	154	125	1	280	31,0%
65 ára og eldri	20	7	1	28	3,1%
Óþekkt	3	0	4	7	0,8%
<b>Alls</b>	<b>471</b>	<b>424</b>	<b>9</b>	<b>904</b>	

## Spurningalisti

Í könnuninni var alls 31 spurning lögð fyrir þátttakendur. Í sumum spurningum voru leiðagreiningar, þ.e. að svör þátttakenda leiddu þá stundum framhjá einstaka spurningum. T.d. voru atvinnulausir ekki spurðir um tekjur. Spurningarnar voru ýmist einvalsspurningar (þar sem svara mátti einu atriði af lista), fjölvalsspurningar (þar sem svara mátti einu eða fleiri atriðum af lista) eða opnar spurningar (þar sem þátttakendur skrifuðu svör sín). Spurningalistinn er birtur í heild sinni í Viðauka 1.

## Niðurstöður og launatölur

Niðurstöður könnunarinnar sýna að það er nokkur munur á launum eftir því hvort meðaltal eða miðgildi er skoðað. Þetta er vel þekkt í kjarakönnunum, þar sem dreifing launa er jafnan póstíft skekkt. Slík dreifing stafar af því að nokkrir mjög launaháir einstaklingar draga meðaltal launa upp í meira mæli en þeir launalægstu draga það niður. Þannig eru mun færri einstaklingar með laun yfir meðaltali en undir meðaltali. Þess vegna notum við jafnan miðgildi í gröfum og myndum. Þegar hvort tveggja er sýnt, mælum við með því að horfa fremur á miðgildi launa. Ávallt eru sýnd mánaðarlaun, nema annað sé tekið fram. Laun sem spurt var um í könnuninni eru fyrir febrúarmánuð 2015 (laun fyrir skatta).

## Kafli 2

# Tekjur og hlunnindi

Miðgildi heildarlauna meðal viðskipta- og hagfræðinga var 777.000 kr., en meðaltalið var 860.000 kr. Þessi munur sýnir að dreifing launa er pósitíft skekkt. Staðalfrávik heildarlauna var 390.000 kr. sem sýnir að mikil dreifing er á heildarlaunum meðal viðskipta- og hagfræðinga. Launin eru sýnd í töflu 3.

Miðgildi grunnlauna var 684.000 kr. og meðaltalið var 766.000 kr. Nánast sama pósitífa skekkja var á dreifingu grunnlauna og heildarlauna, þ.e. álíka munur á þeim hlutfallslega. Staðalfrávik grunnlauna var 370.000 kr.

**Tafla 3. Meðallaun og vinnustundir viðskipta- og hagfræðinga 2015**

Liður	Meðaltal	Miðgildi	Staðalfrávik
Grunnlaun á mánuði <sup>1</sup>	766	684	370
Yfirvinnulaun á mánuði <sup>1</sup>	36	0	110
Heildarlaun á mánuði <sup>1</sup>	860	777	390
Vinnustundir í mánuði <sup>2</sup>	175	170	27

<sup>1</sup> Mánaðarlaun (þús. kr.) í febrúar 2015

<sup>2</sup> Klukkustundir í febrúar 2015

Minnihluti, eða 19% fékk yfirvinnu greidda í febrúar og er því miðgildi yfirvinnulauna 0 kr. Meðaltalið var 36.000 kr. og staðalfrávik ið 110.000 kr. Meginlína í launafyrirkomulagi viðskipta- og hagfræðinga eru því föst mánaðarlaun.

## Tekjur eftir menntun


Á mynd 1 eru sýnd miðgildi heildarlauna eftir menntunarstigi árin 2015 og 2013. Eins og búast mátti við hækka heildarlaun með aukinni menntun. Undantekningin er að þeir sem eru með mastersgráðu voru með lægri laun en þeir sem hafa Cand. Oecon gráðu. Skýringin liggur m.a. í því að Cand. Oecon hópurinn er eldri og með meiri starfsaldur en hópurinn með masterspróf. Launahækkun frá 2013 var 8-11% hjá þremur neðstu menntunarstigunum, 4% hjá þeim sem hafa Doktorsgráðu og 2% hjá þeim sem hafa lokið MBA námi.

## Tekjur eftir starfsaldri


Eins og við er að búast hækka heildarlaun með auknum starfsaldri. Þetta má sjá betur á mynd 2. Þeir sem eru með 11-20 ára starfsaldur standa nánast í stað í launum, en í öðrum

starfsaldurshópum hafa laun hækkað frá 2013. Mesta hækkunin er hjá þeim sem hafa 0-2 ára starfsaldur (20%) og hjá þeim sem hafa hæsta starfsaldurinn (20%).

**Mynd 1. Miðgildi heildarlauna (þús. kr.) viðskipta- og hagfræðinga eftir menntun 2013 og 2015**



**Mynd 2. Miðgildi heildarlauna (þús. kr.) viðskipta- og hagfræðinga eftir starfsaldri 2013 og 2015**



Mikill munur er á launum þeirra sem eru með 6-10 ára starfsaldur og 11-20 ára starfsaldur, eða um 161.000 kr. Í töflu 4 má sjá að við 11-20 ára starfsaldur verður jafnframt stór breyting á stöðu starfsmanna, þ.e. að meira en helmingur starfsmanna er í stjórnunarstöðum. Við 21-29 ára starfsaldur er þriðjungur í stöðu æðstu stjórnenda.

**Tafla 4. Skipting starfsfólks í stöður eftir starfsaldri**

Aldur	Starfsaldur í árum					
	0-2	3-5	6-10	11-20	21-29	30+
Æðstu stjórnendur	0%	15%	7%	12%	30%	22%
Aðrir stjórnendur	7%	19%	39%	44%	35%	37%
Sérfræðingar	93%	66%	55%	44%	35%	41%

## Tekjur eftir starfsgreinum

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hvaða störfum þeir gegndu. Það voru 22 svarkostir forskráðir í spurningalistanum og einnig var hægt að merkja við „annað“ og skrá starfsheitið. Á endanum var hægt að greina svör niður í 19 starfsheiti og safnflokk fyrir fámenn starfsheiti. Fámennustu flokkarnir voru Viðskiptafulltrúar og Kennarar, en í hvorum flokki voru 9 starfsmenn.

Aðrir fámennir hópar eru mannauðsstjórar (11), markaðs- og sölustjórar (11), bókarar og launafulltrúar (12) og síðan aðrir (13). Í öðrum flokkum voru a.m.k 15 einstaklingar.


Á mynd 3 eru laun eftir starfsgreinum árin 2013 og 2015. Athygli er vakin á því að árið 2013 var ekki greint á milli þess hvort æðstu stjórnendur væru í fyrirtækjum með fleiri en 20 starfsmenn eða færri, en nú árið 2015 er greint þar á milli.

Æðstu stjórnendur í fyrirtækjum með a.m.k. 20 starfsmenn eru launahæstir með 1.125.000 kr. í mánaðarlaun, framkvæmdastjórar sviða koma næstir með 1.100.000 kr. og þar næst forstöðumenn með 1.050.000 kr. Launahæstu sérfræðingarnir eru löggiltir endurskoðendur með 977.000 kr. Næst koma fjármálasérfræðingar með 825.000 kr. og í þriðja sæti eru kennarar með 730.000 kr.

Bókarar og launafulltrúar eru launalægstir af þeim hópum sem hér eru til umfjöllunar, en laun þeirra eru 431.000 kr.

Af 10 launahæstu hópnum árið 2015 eru 7 þeirra stjórnendur. Þeir stjórnendur sem eru í neðri helmingnum eru skrifstofustjórar, markaðs- og sölustjórar og viðskipta- og vörustjórar.

**Mynd 3. Miðgildi heildarlauna (þús. kr.) viðskipta- og hagfræðinga eftir starfsgreinum 2013 og 2015**



\*Árið 2013 voru ekki tvær starfsgreinar sem svarmöguleikar, heldur var einn svarmöguleikinn æðstu stjórnendur óháð stærð fyrirtækja.

## Tekjur eftir mannaforráðum


Ljóst er að með auknum mannaforráðum fara laun hækkandi. Á mynd 4 má sjá að þeir sem hafa mannaforráð yfir 20 starfsmönnum eða fleiri eru með 1.048.000 kr. í mánaðarlaun. Einnig sést að við það að hafa forráð yfir 1-2 starfsmönnum hækka launin um 132.000 kr.

## Tekjur eftir atvinnugrein

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir sérstaklega að því í hvaða atvinnugrein þeir störfuðu. Á mynd 5 má sjá að hæstu launin árið 2015 voru í verslun (983.000) og því næst í iðnaði (927.000). Næst kemur orka/stóriðja með 900.000 og í fjórða sæti er fjármálageirinn með 853.000. Lægstu launin voru í menntastofnunum (613.000) og í fjarskiptum (668.000).


Við mat á launum innan einstakra atvinnugreina þarf að taka tillit til þess hve margir í úrtakinu voru í stjórnunarstöðum og hve margir voru í sérfræðistörfum innan hvers atvinnugreinar. Á töflu 5 sést þetta mjög vel. Í endurskoðun eru 86% í sérfræðistörfum, en skv. mynd 5 eru fimmtu hæstu launin í endurskoðun. Í orku/stóriðju eru 69% í sérfræðistörfum og enginn í stöðu æðsta stjórnanda, en þriðju hæstu launin voru í þessari grein. Hæstu laun sérfræðinga eru í endurskoðun og orku/stóriðju. Hæstu laun æðstu stjórnenda voru í Flutningastarfsemi og því næst í Útgerð/fiskiðnaði. Hæstu laun annarra stjórnenda voru í Verslun og þar næst í Ráðgjöf.

Mynd 4. Miðgildi heildarlauna (þús. kr.) viðskipta- og hagfræðinga eftir mannaforráðum 2013 og 2015



Af þeim sem störfuðu við verslun voru 34% æðstu stjórnendur og 36% í öðrum stjórnunarstöðum. Hlutfall æðstu stjórnenda er þó hæst í rekstrarþjónustu eða 48%, en launin eru ekki í takti við það. Athuga ber að einungis 10 eru í Rekstrarþjónustu og erfitt að draga miklar ályktanir út frá þeim fjölda. Til að meta laun eftir atvinnugreinum er hentugt að skoða töflu 5.

Mynd 5. Miðgildi heildarlauna (þús. kr.) viðskipta- og hagfræðinga eftir atvinnugreinum 2013 og 2015





**Tafla 5. Heildarlaun (þús kr.) eftir atvinnugreinum, hlutfall og heildarlaun (þús. kr.) stjórnenda og sérfræðinga eftir atvinnugreinum**

Atvinnugrein	Heildarlaun	Hlutfall stjórnenda og sérfræðinga			Laun stjórnenda og sérfræðinga			Fjöldi í atvinnugrein
		Æðstu stjórnendur	Aðrir stjórnendur	Sérfræðingar	Æðstu stjórnendur	Aðrir stjórnendur	Sérfræðingar	
Verslun	983	34%	36%	30%	1.100	1.150	625	54
Iðnaður	927	20%	53%	28%	850	990	759	39
Orka/stóriðja	900	-	31%	69%	-	1.062	850	16
Fjármálamarkaður	853	10%	32%	59%	1.100	1.053	719	224
Endurskoðun	850	8%	6%	86%	670	909	850	51
Upplýsingatækni	813	16%	42%	42%	1.000	857	666	52
Útgerð/Fiskiðnaður	800	14%	48%	38%	1.201	1.050	555	20
Ráðgjöf	750	25%	17%	58%	906	1.104	719	50
Framleiðsla	737	17%	46%	37%	1.200	737	725	33
Heilbrigðisþjónusta	735	32%	33%	35%	956	735	513	22
Rekstrarþjónusta	720	48%	37%	15%	750	842	650	10
Ferðaþjónusta	710	16%	55%	29%	710	775	600	37
Opinber stjórnýsla	683	5%	42%	53%	907	797	570	127
Félagasamtök	675	28%	35%	37%	937	669	622	24
Flutningastarfsemi	670	4%	50%	46%	1.647	1.001	606	25
Fjarskipti	668	6%	34%	60%	800	1.095	650	15
Menntastofnun	613	12%	35%	53%	885	570	610	39
Annað	650	-	42%	58%	-	840	650	7



## Tekjur eftir kyni, starfsaldri og menntun

Þegar mánaðarlaun eru skoðuð eftir kyni, menntun og starfsaldri samtímis er hægt að sjá ágætlega út hvaða viðskipta- og hagfræðingar eru launahæstir. Það væri óneitanlega áhugavert að geta skoðað stöðu innan fyrirtækis samtímis, en til þess þyrfti tvöfaldan fjölda svara í könnuninni. Einnig er hægt að sjá á töflu 6 hver munur er á launum karla og kvenna eftir kyni, menntun og starfsaldri. Í umfjöllun okkar hér drögum við engar ályktanir um laun hópa sem eru með færri en 5 starfsmönnum

Hjá körlum eru launahæstu hóparnir eftirfarandi:

- Mastersnám og lengri en 30 ára starfsaldur (1.104 þ.kr.)
- MBA nám og 21-29 ára starfsaldur (1.100 þ. kr.)
- Mastersnám og 21-29 ára starfsaldur (970 þ. kr.)

Hjá konum eru launahæstu hóparnir eftirfarandi:

- MBA nám og 21-29 ára starfsaldur (1.001 þ. kr.)
- MBA nám og 21-29 ára starfsaldur (1.000 þ. kr.)
- Cand. Oecon nám og lengri en 30 ára starfsaldur (985 þ. kr.)

Borin voru saman laun karla og kvenna innan þeirra menntunar- og starfsaldurshópa þar sem a.m.k. 5 einstaklingar voru í hverjum hópi. Í ljós kemur að laun karla eru hærri í 13 tilfellum og laun kvenna eru hærri í 3 tilvikum.

Tafla 6. Heildarlaun (þús kr.) karla og kvenna eftir menntun og starfsaldri

Menntun	Starfsaldur	Heildarlaun			Fjöldi		
		Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
BS/BA	0-2 ár	536	550	415	36	18	17
	3-5 ár	613	635	599	46	22	23
	6-10 ár	649	654	633	123	38	85
	11-20 ár	759	850	719	86	38	48
	21-29 ár	742	800	-	8	6	2
	30 ár og lengri	907	-	-	5	4	1
Cand. Oecon	6-10 ár	950	-	950	7	0	7
	11-20 ár	927	901	867	51	35	15
	21-29 ár	911	925	850	58	39	18
	30 ár og lengri	950	950	985	46	40	5
Master	0-2 ár	625	670	593	11	5	6
	3-5 ár	640	675	636	36	16	20
	6-10 ár	757	850	648	75	34	41
	11-20 ár	813	890	709	91	44	48
	21-29 ár	970	970	850	43	30	13
	30 ár og lengri	980	1.104	-	16	13	1
MBA	0-2 ár	-	-	-	1	1	0
	3-5 ár	763	720	1.000	10	6	4
	6-10 ár	900	900	850	19	13	7
	11-20 ár	830	830	885	29	11	19
	21-29 ár	1.100	1.100	1.001	26	19	7
	30 ár og lengri	870	870	-	10	9	1
PHD	6-10 ár	-	-	-	1	0	1
	11-20 ár	-	-	-	4	4	0
	21-29 ár	-	-	-	3	3	0
	30 ár og lengri	-	-	-	1	1	0

Laun hópa með færri en 5 einstaklingum eru ekki sýnd


## Launaþróun

Í kjarakönnunum FVH voru gögn vigtuð fyrst árið 2011 og síðan árið 2013. Eins og áður hefur verið fjallað um voru gögnin vigtuð einnig núna árið 2015. En í umfjöllun um launaþróun voru gögnin ekki vigtuð til að gæta samræmis við niðurstöður fyrri ára.

Á mynd 6 og á töflu 7 má sjá þróun miðgilda heildarlauna viðskipta- og hagfræðinga á mánuði

Miðað við óvígtað úrtak eru heildarlaun núna 782.000 kr. Árið 2013 var miðgildið 729.000 kr. sem þýðir að laun viðskipta- og hagfræðinga hafa hækkað um 7,3% frá 2013, sem nemur rúmlega 3,6% árlegri hækkun. Árleg hækkun á miðgildum launa karla og kvenna er sú sama, eða 3,3%.

Mynd 6. Miðgildi heildarlauna (þús. kr.) viðskipta- og hagfræðinga 1997-2015



Gögn fyrir árin 2011-2015 eru ekki vigtuð til að gæta samræmis við gögn fyrir árin 1997-2010.

**Tafla 7. Heildarlaun (þús. kr.) 1997-2015 og árleg breyting (%)**

Ár	Miðgildi heildarlauna			Árleg breyting		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
1997	260	285	211			
1999	320	350	253	9,4%	9,3%	8,3%
2001	382	405	333	8,1%	6,8%	12,0%
2003	435	470	360	6,1%	6,9%	3,8%
2005	460	517	399	2,7%	4,6%	4,9%
2007	520	586	450	5,8%	5,9%	5,7%
2008	540	600	500	3,7%	2,3%	10,0%
2009	581	636	547	7,1%	5,7%	8,6%
2010	600	650	550	3,2%	2,2%	0,6%
2011	604	661	540	0,7%	1,7%	-1,9%
2013	729	796	649	10,3%	10,2%	10,1%
2015	782	848	692	3,6%	3,2%	3,3%

Gögn fyrir árin 2011-2015 eru ekki vigtuð til að gæta samræmis við gögn árin 1997-2010.


## Kaupmáttur launa

Til að mæla kaupmátt launa er miðgildi heildarlauna á mánuði leiðrétt miðað við vísitölu neysluverðs í febrúar 2015.

Á árunum 2008-2011 lækkuðu laun á núvirði og endaði með því að kaupmáttur launa árið 2011 var aðeins lægri en árið 1999. Nú hefur kaupmáttur launa viðskipta- og hagfræðinga aukist lítillega tvær mælingar í röð og nálgast það sem hann var árið 2001. Til glöggvunar, þá skoðum við núvirt heildarlaun síðustu þriggja mælinga og hlutfall þeirra af heildarlaunum 12 ár aftur í tímann.

- Árið 2011 voru núvirt heildarlaun 95% af núvirtum heildarlaunum árið 1999
- Árið 2013 voru núvirt heildarlaun 94% af núvirtum heildarlaunum árið 2001
- Árið 2015 voru núvirt heildarlaun 96% af núvirtum heildarlaunum árið 2003

Ef niðurstöðurnar í ár eru bornar saman við niðurstöður frá 2005 og 2010 kemur í ljós að árleg breyting frá 2005 er 5,1% og árleg breyting frá 2010 er 5,4%.

**Mynd 7. Miðgildi heildarlauna (þús. kr.) viðskipta- og hagfræðinga 1997-2015 á verðlagi í febrúar 2015**


Gögn fyrir árin 2011-2015 eru ekki vigtuð til að gæta samræmis við gögn fyrir árin 1997-2010.

## Yfirvinna og aukagreiðslur


Á mynd 8 sést glögglega að rúmur helmingur viðskipta- og hagfræðinga fær ekki greidda yfirvinnu og hjá 6% er engin yfirvinna í boði. Fjórðungur fær svokallaða fasta yfirvinnu greidda óháð vinnuskyldu - m.ö.o. yfirvinna er innifalin í mánaðarlaunum þeirra. Aðeins 10% fær greidda yfirvinnu samkvæmt unnum tímum.

Á mynd 9 er fjallað um aukagreiðslur sem innifaldar eru í heildarlaunum. Tæp 40% viðskipta- og hagfræðinga fá engar af þeim aukagreiðslum sem nefndar voru í könnuninni. Algengast er að auka- greiðslur séu í formi ökutækjastyrks eða fæðishlunninda.

Mynd 8. Fyrirkomulag yfirvinnugreiðslna




Mynd 9. Aukagreiðslur innifaldar í heildarlaunum



Fjölvalsspurning. Svára mátti fleiri en einu atriði nema þegar merkt var við „Ekkert ofangreint“.

Mynd 10. Styrkir/hlunnindi í starfskjörum



Fjölvalsspurning. Svára mátti fleiri en einu atriði nema þegar merkt var við „Ekkert ofangreint“.

Á mynd 10 er yfirlit styrkja og hlunninda sem viðskipta- og hagfræðingar hafa í störfum sínum. Meira en helmingur viðskipta- og hagfræðinga hafa síma/símakostnað, líkamsræktarhlunnindi, tölvu heima/fartölvu og nettengingu. Fatastyrkur er mjög sjaldgæfur. Afar fátítt er að viðskipta- og hagfræðingar njóti engra hlunninda.




## Kafli 3


# Menntun

Í könnuninni var spurt um menntun viðskipta- og hagfræðinga. Rúm 36% þeirra hafa BS/BA gráðu og 33% hafa lokið meistaranámi. Það eru 18% sem hafa Cand. Oecon gráðu og 11% sem hafa lokið MBA námi.

Mynd 11. Prófgráður viðskipta- og hagfræðinga



Mynd 12. Skólar viðskipta- og hagfræðinga



Langflestir viðskipta- og hagfræðingar koma úr Háskóla Íslands, eða 40% þeirra. Rúmlega fjórðungur kemur úr Háskóla Reykjavíkur. Athygli vekur að 18% stunduðu nám í erlendum skóla. Mun færri voru við nám í Bifröst (8%) og Háskólanum á Akureyri (7%).

Samkvæmt töflu 8 eru litlar breytingar á því hvaða prófgráður viðskipta- og hagfræðingar hafa. Það fækkar lítillega í hópi þeirra sem eru með Cand. Oecon gráðu og MBA nám og fjölgar aðeins þeim sem eru með Mastersgráðu.

Lítill breyting er á því úr hvaða skólum viðskipta- og hagfræðingar koma. Í töflu 8 sést að nemendum úr Háskóla Íslands hefur fækkað milli ára, eða um rösk 3% og dreifast þeir jafnt um aðra skóla hérlendis. Nemendum úr erlendum skólum hefur fækkað lítillega.

Tafla 8. Prófgráður og skólar viðskipta- og hagfræðinga 2013 og 2015

Skóli	2013	2015	Prófgráður	2013	2015
HA	5,6%	7,1%	BS/BA	36,0%	36,4%
Bifröst	6,6%	8,5%	Cand. Oecon	20,0%	18,4%
HÍ	43,2%	40,1%	Master	30,4%	33,2%
HR	25,3%	26,1%	MBA	12,4%	10,9%
Erlendur skóli	19,3%	18,3%	PHD	1,3%	1,1%

Þegar prófgráður eru skoðaðar eftir skólum á töflu 9, þá kemur í ljós að flestir þeirra sem hafa BS/BA gráðu koma frá Háskólanum í Reykjavík, eða um 39%. Næst flestir (21%) hafa útskrifast frá Háskóla Íslands með BS/BA gráðu. Innan við 20% hafa BS/BA gráðu frá Háskólanum á Akureyri eða Bifröst.

Hvað viðskipta- og hagfræðinga með Mastersgráðu varðar, þá er rúmlega þriðjungur þeirra frá Háskóla Íslands og tæplega fjórðungur frá Háskólanum í Reykjavík. Athygli vekur einnig að þriðjungur viðskipta- og hagfræðinga með Mastersgráðu hefur hlotið hana í erlendum skóla.

**Tafla 9. Prófgráður viðskipta- og hagfræðinga eftir skólum 2015**

Prófgráður	HA	Bifröst	HÍ	HR	Erlendur skóli
BS/BA	18,1%	17,1%	21,4%	39,1%	4,4%
Cand. Oecon	-	-	97,6%	1,8%	0,6%
Master	1,5%	6,5%	34,2%	24,2%	33,6%
MBA	-	-	27,3%	32,0%	40,6%
PHD	-	10,1%	-	-	89,9%

Flestir sem lokið hafa MBA námi gerðu það erlendis, eða rúmlega 41%. Næstflestir (32%) frá Háskólanum í Reykjavík og síðan 27% frá Háskóla Íslands.

Það eru einungis 9 með doktorsgráðu í könnuninni, en allir þeirra nema einn hafa lokið doktorsnámi erlendis.


## Kafli 4

# Vinumarkaður og stéttarfélög

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir um hvort þeir hugi að breytingum á starfsvettvangi. Hér er eingöngu tekið mið af þeim sem voru á vinnumarkaði hérlandis. Alls eru 11% sem eru að leita að öðru starfi og 20% sem gætu hugsað sér að skipta um starf. Alls eru því 31% sem gætu fært sig til í starfi, en 29% hafa ekki hug á að skipta um starf. Loks eru 37% sem myndu skoða spennandi tækifæri ef þau byðust.


Þegar viðhorf til breytinga á starfsvettvangi er skoðað eftir atvinnugreinum kemur í ljós að í fjórum atvinnugreinum er hlutfall þeirra sem gætu hugsað sér að skipta um starf eða eru að leita að öðru starfi hærra en 40%. Þetta er starfsfólk í félagasamtökum, flutningastarfsemi, ferðaþjónustu og framleiðslu. Orka og stóriðja sker sig algjörlega úr meðal atvinnugreina, en þar hlutfallið sem er að leita/gæti hugsað sér að skipta um starf eingöngu 6%.

**Mynd 13. Viðhorf viðskipta- og hagfræðinga til breytinga á starfsvettvangi**



Þegar litið er eingöngu á hlutfall þeirra sem eru að leita að öðru starfi er langhæsta hlutfallið í ferðaþjónustu, eða 30%. Þar á eftir eru 20% í fjarskiptum og 18% í upplýsingatækni.

**Mynd 14. Viðhorf til breytinga á starfsvettvangi eftir atvinnugreinum**






## Stéttarfélög


Aðspurðir um stéttarfélög voru 27% í BHM/KVH og sama hlutfall í VR. Það voru 24% utan stéttarfélaganna, eða nærri fjórðungur þátttakenda. Athuga ber að í niðurstöðum fyrir þessa spurningu voru felldir brott þeir sem voru hættir störfum eða á eftirlaunum og þeir sem bjuggu erlendis. Einnig voru þátttakendur spurðir hvers vegna þeir væru í stéttarfélagum sínum eða eftir atvikum engu stéttarfélagi. Svör við spurningum um ástæður fyrir þátttöku í stéttarfélagum eru í Viðauka 2.

Loks voru þátttakendur beðnir um að forgangsraða fimm atriðum í starfsemi stéttarfélaganna eftir mikilvægi þeirra. Flestir (46%) settu kjarasamninga/kjör og fríðindi í fyrsta sætið. Næst mikilvægastar voru góðar sjúkratryggingar (28%) og þar á eftir fræðslu- og líkamsræktarstyrkir (10%).

Mynd 15. Stéttarfélög viðskipta- og hagfræðinga




Mynd 16. Forgangsroðun atriða í starfsemi stéttarfélaganna út frá mikilvægi þeirra samkvæmt viðskipta- og hagfræðingum.



Það voru skiptar skoðanir hjá viðskipta- og hagfræðingum varðandi það að ganga í stéttarfélag FVH ef það væri stofnað. Alls töldu 36% vera miklar líkur á því en 26% sögðu það ólíklegt. Þá eru 38% sem sögðu það hvorki líklegt né ólíklegt.

Mynd 17. Líkur á að viðskipta- og hagfræðingar gengju í stéttarfélag FVH ef það væri stofnað



---

## Viðauki 1

# Svör við opinni spurningu

Á næstu blaðsíðum eru orðrétt svör þátttakenda við spurningunni hvers vegna þeir væru aðilar að þessu eða hinu stéttarfélagi. Einnig voru þeir sem áttu ekki aðild að neinu stéttarfélagi spurðir hví þeir væru ekki í stéttarfélagi.

Málfars- og stafsetningarvillur voru leiðréttar, en að öðru leyti eru svörin látin standa orðrétt.

# Hver er helsta ástæða þess að þú ert í engu stéttarfélagi?

- Alltaf verið stjórnandi og ekki átt samleið með stéttarfélögum og þeirra starfi.
- Á fyrirtækið sem ég vinn hjá.
- Ágætur tryggingapakki í vinnunni.
- Áhætta af verkföllum.
- Bý erlendis.
- Bý erlendis.
- Bý erlendis.
- Dýrt.
- Eigandi fyrirtækis. Stéttarfélög hafa misst fókus, reka sumarhús og bjóða gleraugnastyrki. Þeir eiga að berjast fyrir góðum kjörum svo launþegar geti valið sín áhugamál og haft ráð á því að kaupa sér gleraugu eða annað slíkt. Sumir vilja fara til útlanda, aðrir vilja eiga hjólhýsi en aðrir eiga sumarhús. Ekki skal setja alla í sama farið það er betra fyrir markaðinn og einstaklingana að hafa frelsi til að velja. Sumarhús og ýmis önnur þjónusta stéttarféлага er frekar eins og til að láta fólk sætta sig við það sem það hefur og tengist með engu móti kjarabaráttu. Aðeins ríkið á að vera til hjálpar ef illa fer og hjálpa þeim sem minna hafa með tekjujöfnun en ekki stéttarfélög.
- Eigandi fyrirtækis.
- Einn af eigendum.
- Eitthvað sem tíðkast innan fyrirtækisins, að framkvæmdastjórar eru ekki í stéttarfélagi.
- Ekkert sem myndi gæta hagsmuna míns hóps.
- Ekki áhugi.
- Ekki heimilt.
- Ekki kynnt mér málið nægilega vel til þess að taka akvörðun.
- Ekki verið í stéttarfélagi í 20 ár - ekki séð ástæðu til þess.
- Ekki verið í stéttarfélagi síðan fór að starfa við eigið fyrirtæki.
- Engin sérstök ástæða.
- Engin sérstök.
- Er atvinnurekandi.
- Er á móti því að borga hlutfall af launum eins og er í VR. Fæ minna til baka heldur en ég legg inn.
- Er búsett erlendis.
- Er eigandi að fyrirtækinu.
- Er eigandi fyrirtækisins og því er enginn að vinna fyrir mig að neinum kjaramálum.
- Er forstöðumaður innri endurskoðunar.
- Er sjálfstæður atvinnurekandi.
- Er sjálfstætt starfandi og það þjónar ekki mínum hagsmunum að vera í stéttarfélagi.
- Er sjálfstætt starfandi.
- Er utan félags sem stendur vegna sértækra verkefna innan stjórnarsýslunnar.
- Er yfirmaður.
- Er æðsti stjórnandi.
- Er öryrki.
- Ég starfa hjá alþjóðastofnun sem einungis lýtur reglur International Labor Association (ILO).
- Ég veit ekki af neinu stéttarfélagi í Bretlandi sem er með fólk í minni stöðu innanborðs.
- Finnst stéttarfélagið ekki þjóna mínum þörfum.
- Framkvæmdastjóri, ekki gert ráð fyrir að ég sé í stéttarfélagi.
- Frá gamalli tíð sem framkvæmdastjóri hef ég ekki verið í stéttarfélagi.
- Fyrirtæki sér um greiðslur eins og ég væri í stéttarfélagi.
- Fyrirtækið sem ég vinn hjá gerði sérsamninga við starfsfólk á ákveðnum tímamarki.
- Fyrirtækið sem ég vinn hjá þvingaði fólk úr stéttarfélögum á sínum tíma.
- Get ekki séð að það sé peninganna virði.
- Gríðarlegur kostnaður, lítið gagn.
- Hagsmunaárekstrar.
- Há laun.
- Hef aldrei verið í stéttarfélagi, en á sínum tíma var óskað eftir því að stjórnendur í fyrirtækinu væru ekki í stéttarfélagi. Hef haldið mig við það enda sækist ég ekki eftir því að nota sumarbústaði og annað slíkt sem stéttarfélög upp á að bjóða.
- Hef aldrei verið í stéttarfélagi.
- Hef ávallt veið forstjóri eða sjálfstætt starfandi. Er félagi í FVH, sem ég tel ekki vera stéttarfélag heldur fagfélag.
- Hef ekkert nýtt mér neitt í þessu félagi annað en sumarbústað öðru hvoru.
- Hef ekki áhuga.
- Hef ekki haft tækifæri til að ganga í eitt.
- Hef ekki komið mér í að skrá mig í stéttarfélag.
- Hef ekki mikið hugsað út í það, etv. ákveðið hugsunarleysi.
- Hef ekki séð ábatann af því. Hef reyndar ekki kynnt mér þetta.
- Hef ekki séð ávinning af því.
- Hef ekki séð tilgang eða hag af því.
- Hef ekki trú á að verkalýðsfélög nýtist stjórnendum og æðstu stjórnendum.
- Hef ekki þurft á því að halda.
- Hef enga þörf á stéttarfélagi.
- Hef gegnt stjórnunarstörfum allan minn starfsferil ýmist sem framkvæmdastjóri eða forstöðumaður. Einnig stundað einkarekstur í nokkur ár. Hef því ekki átt samleið með stéttarfélagi stóran hluta starfsferilsins.
- Hef unnið síðustu árin í mörgum löndum og því ekki legið fyrir hvaða félag ég ætti að ganga í.
- Hentar mér best.
- Hluti af starfssamningi framkvæmdastjóra.
- Mér hugnast ekki stéttarfélög.
- Kostnaður.
- Kostnaður.
- Laun úrskurðuð af kjararáði.
- Lítið í boði fyrir fyrir stéttarfélagsgjaldið.
- Lítil skrifstofa og ekki var hugsað um þetta í upphafi.
- Mér finnst ég ekki hafa þörf fyrir stéttarfélag.
- Neita að svara.
- Of há félagsgjöld.
- Of há gjöld, lítill ávinningur.
- Óánægð með BHM og hætti því, ásamt því að gjöldin eru og há af launum mínum.
- Óheimilt.
- Ósk vinnuveitanda að yfirmenn séu ekki í stéttarfélagi.
- Ósk vinnuveitanda.
- Óþarfi finnst mér.
- Óþarfi.
- Réð mig upp á þau kjör.
- Ríkisforstjóri. Þeir eru nánast réttlausir.
- Samningsatriði.
- Samrýmist ekki mínum hagsmunum.
- Samræmist ekki ábyrgð og skyldum í starfi.
- Sé ekki hag í því.
- Sé ekki hag í því.
- Sé ekki hag mínum borgið innan stéttarfélags.
- Sé ekki neinn hag í því.
- Sé ekki tilgang með því.
- Sé ekki tilgang með því.
- Sé ekki tilganginn með því.
- Sé ekki tilgang með því.
- Sé engu ástæðu. Þarf stundum að ganga í störf undirmanna vegna verkfallsmála.

## Hver er helsta ástæða þess að þú ert í engu stéttarfélagi?

- Sé enga hagsmuni af því að vera í stéttarfélagi.
- Sé engan ábata af því að vera í stéttarfélagi.
- Sé engan tilgang í því að vera í stéttarfélagi.
- Sé lítin hag í því.
- Sjálfstætt starfandi.
- Sjálfstæður atvinnurekandi, eigandi.
- Sjálfstæður rekstraraðili og því ekki neinn hvati.
- Sjálfstætt starfandi í eigin rekstri.
- Sjálfstætt starfandi.
- Slæm reynsla með fyrirverandi stéttarfélag.
- Staða mín sem framkvæmdastjóri, skv. starfssamningi.
- Starfa hjá fjölskyldufyrirtæki.
- Starfið finnst mér útheimta að ég sé ekki í verkalýðsfélagi. Auk þess er ég þá ekki sjálfur bundin af einhverju félagi.
- Starfstaðan leyfir það ekki.
- Stefna hjá fyrirtækinu að óska eftir því að yfirmenn séu ekki í stéttarfélagi og þ.a.l. nýt ég megin réttinda sem bjóðast hjá stéttarfélagi hjá vinnuveitenda.
- Stéttarfélag semur ekki um kjör mín.
- Stéttarfélög eru tímasekkja fyrir fólk á frjálsum alþjóðlegum atvinnumarkaði.
- Stéttarfélög hafa misst sjónar af markmiðum sínum. Snúast ekki um að bæta kjör heldur að sætta fólk við það sem það hefur. Ekki hækka laun svo fólk geti átt sumarhús heldur stofna sumarhúsaleigu, mögulega hafa ekki allir áhuga á að fara í sumarhús eða eiga sitt sumarhús þá niðurgreiða þeir það fyrir aðra. Ekki hækka laun svo fólk eigi fyrir gleraugum heldur búa til flókið styrkjakerfi sem kostar sannarlega að reka. Þetta er rotið kerfi og snýst núna frekar um að verja störf sem hafa orðið þarna til, samtryggingarkerfi.
- Stjórná kjörum mínum sjálfur.
- Tel fjármunum mínum betur varið annars staðar.
- Tel mig ekki hafa hag af því að vera í stéttarfélagi.
- Tel mig ekki þurfa þess. Kaupi mínar tryggingar sjálfur. Auk þessi eru mörg stéttarfélög alltof dýr í rekstri og í þáttum sem þau eiga ekki að vera í, s.s. sumarhúsarekstri.
- Tel það óþarft.
- Tel það vera sóun á peningum.
- Upphæð félagsgjalda.
- Vann lengi sjálfstætt.
- Veit það ekki.
- Viðbótarútgjöld fyrir aðila sem er sjálfstæður atvinnurekandi.
- Vil semja um mín kaup og kjör sjálfur og fengi lítið útúr öðrum fríðindum.
- Vinn erlendis.
- Vinn fyrir félög atvinnurekenda.
- Vinn hjá eigin fyrirtæki.
- Vinn hjá félagasamtökum.
- Vinnuveitandi hefur ekki greitt í félag.
- Það er stefna innan fyrirtækisins að starfsmenn séu ekki í stéttarfélagi en við fylgjum kjörum hjá SSF.
- Það tíðkast ekki í minni atvinnugrein á erlendum vettvangi.
- Það var ekki til mikils gagns þegar ég greiddi í það.
- Þarf ekkert á því að halda.
- Þegar fólk er á heildarlaunum þá er engin ástæða vera í stéttarfélagi sem er að semja um taxta. Ég var í stéttarfélagi hér áður fyrr og þau gera ekkert fyrir mig. Ég næ betri samningum sjálf og hef engan áhuga að borga félagsgjöld til aðila sem þenjast út og hafa fullt af fólki á launum.
- Þrýstingur og lægri launafrádráttur.

# Hver er helsta ástæða þess að þú ert í BHM/KVH?

- Aðild að stéttarfélagi veitir vinnuveitanda vissu aðhald. Þetta félag er gott fyrir mig vegna t.d. styrkja sem greiddir eru úr því og mánaðargjald ekki of hátt.
